

## Læknadagar 2021

Læknadagar eru vikulangt fræðslu- og símenntunarþing Fræðslustofnunar lækna og Læknafélags Íslands haldið í þriðju viku janúar ár hvert. Fyrirlestrar á málþingum eru undirbúnir af læknum og samstarfsfólki þeirra. Erlendir fyrirlesarar eru tíðir gestir. Stjórn Fræðslustofnunar og undirbúningsnefnd hafa veg og vanda að skipulagninu þeirra. Auglýst er eftir hugmyndum um efni og geta lækna, samstarfshópar þeirra og félög sent inn tillögur, sem undirbúningshópurinn velur úr. Málþing og hádegisfundir eru haldin í þremur sölum samtímis. Vinnubúðir fyrir færnipjálfun og kennslu hafa verið vinsælar en falla niður í ár vegna sóttvarnatilmæla og samkomutakmarkana..

Lögð er áhersla á fjölbreytni og að efni málþinga höfði til breiðs hóps, bæði um almenna læknisfræði og skylt efni og sérhæfðari vandamál. Nýjungar, framþróun og árangur af gagnreyndum meðferðarúrræðum. Skipulag heilbrigðisþjónustu, kjaramálafundur og sögulegt efni í samvinnu við Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar eiga sitt pláss. Í vaxandi mæli hefur samstarfsfólk lækna úr öðrum heilbrigðisstéttum sýnt einstökum málþingum áhuga þar sem fjallað er um efni nærri þeirra starfsviði og tekið þátt bæði með fyrirlestrum og þátttöku.

Á Læknadögum gefst tækifæri til samtals á milli lækna og framleiðenda lyfja og lækningatækja, sem gjarnan kynna nýjungar í meðferðarúrræðum og tækniframfarir í hliðarrýmum ráðstefnunnar án beinnar þátttöku í dagskrá, skipulagningu eða umfjöllun fræðilegs efnis. Samskiptasáttmáli milli lækna og slíkra aðila og vel skilgreindar reglur gilda um slíka hliðardagsskrá og sýningarbása, sem gera það að verkum t.d. að aðeins læknum og heilbrigðisstarfsfólki er boðin aðgangur og þátttaka á Læknadögum.

Í ár eru málþingum og hádegisfundum Læknadaga eingöngu miðlað til þátttakenda í streymi vegna samkomutakmarkana. En á undanförunum árum hefur verið kallað eftir því að samhliða hefðbundnum Læknadögum sé fyrirlestrum og málþingum miðlað rafrænt til félagsmanna. Í ár verða upptökur af fyrirlestrum og málþingum aðgengileg í mánuð.

Læknadagar eru teknir upp og streymt frá Hörpu <https://www.harpa.is/> og miðlað í gegnum heimasíðu Læknadaga frá Advania <https://www.advania.is/>

Aðalstyrktaraðili Læknadaga 2021 er Vistor <https://vistor.is/>